

Barón frá Bryðjuholti stendur efstur 2017 nautanna í dag, með 111 í einkunn.

Mynd / NBF

Úrvalsnyting nautanna sem voru fædd 2017

Um langa hríð hafa niðurstöður afkvæmarannsóknna á nautum verið dregnar fram með þeim hætti að skoða úrvalsnytingu innan hvers árgangs á myndrænan hátt.



Guðmundur Jóhannesson.

Þannig má gera sér nokkra grein fyrir hvaða áhrifa er að vænta í kúastofninum með notkun þeirra nauta sem valin eru til framhaldsnotkunar.

Nautaárgangurinn 2017 er sá síðasti sem valinn er til notkunar á grunni afkvæmarannsóknna en nú hefur erfðamengisúrval tekið við og nautin valin út frá erfðamati byggðu á ætterni og arfgreiningum.

Í fyrstu skulum við skoða hvað er verið að mæla á þennan hátt. Úrvalsnyting fyrir ákveðinn eiginleika sýnir yfirburði þeirra nauta, sem valin eru til framhaldsnotkunar, í samanburði við það sem mögulega hefði mátt ná fram ef aðeins hefði verið valið fyrir þeim eiginleika og engum öðrum. Þegar valið er fyrir mörgum eiginleikum á sama tíma er illmögulegt að ná fram jákvæðu vali fyrir þeim öllum á sama tíma. Ástæða þess er ekki hvað síst að margir þeirra eiginleika sem valið er fyrir eru neikvætt tengdir

innbyrðis og því verður sú útkoma ákaflega ólíkleg.

Hér verður litið á úrvalsnytingu nauta sem fædd voru 2017 en afkvæmadómi þeirra lauk fyrir skömmu og ljóst að ekki munu fleiri naut koma til framhaldsnotkunar úr þessum árgangi. Árgangurinn var stór á okkar mælikvarða en hann taldi 35 naut. Til áframhaldandi notkunar komu ellefu naut, bæði mismengi og mismikið. Segja má að valið hafi verið nokkuð strangt og gerðar ríkar kröfur til þeirra nauta sem komust til notkunar sem reynd naut.

Ef litið er á þá mynd sem kemur fram með nautin frá 2017 er hún mikið fremur hagstæð, það er úrvalsnytingin er jákvæð fyrir flestum eiginleikum.

Gagnvart þeim eiginleikum sem snúa að útliti og notagildi kúnna er hún nokkuð jákvæð en misgóð hvað afurðaeiginleikana snertir. Þannig eru þættir er lúta að magni mjög jákvæðir en neikvæðir varðandi hlutföll verðefna í mjólk, sérstaklega hlutfall próteins. Þessi niðurstaða er á margan hátt öndverð við niðurstöðuna fyrir 2016 árganginn þar sem útlits- og notagildisþættir komu sýnu betur út en afurðaeiginleikarnir.

Áhrif þessara nauta verða því að öllum líkindum sterk hvað afurðagetu snertir en neikvæð um hlutföll verðefna. Hvað útlitsþætti

varðar, sem og eiginleika eins og mjaltir og skap, verða áhrifin fremur jákvæð.

Eðlilega kemur hæst úrvalsnyting fram í heildareinkunn, enda sú einkunn sem ræður hvað mestu um val nautanna, en einnig er úrvalsnyting fyrir afurðamagni há, það er fyrir mjólkur-, fitu- og próteinmagn.


Auðvitað eru þessir þættir nátengdir þannig að magn fitu og próteins fylgir magni mjólkur. Í heildina verða áhrif árgangsins jákvæð hvað alla eiginleika nema efnahættina varðar.

Þessi niðurstaða, ásamt niðurstöðum fyrir síðustu árganga á undan, sýnir að enn er að vænta töluverðra framfara hvað snertir júgur- og spenagerð, mjaltir og skap á komandi árum. Framgangur afurðaeiginleikanna styrkist að hluta til með 2017 nautunum en neikvæðasta niðurstaðan er gagnvart próteinhlutfallinu.

Áhrif árgangsins munu að öllum líkindum ekki verða veruleg á kúastofninn í heild sinni, sá tímamunktur er þeir koma fram ræður þar miklu um.

Notkunartími þeirra verður frekar skammur þar sem yngri naut valin á grunni erfðamats banka á dymar og ryðja sér rúms.

Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur í nautgriparækt



Sérniðin þjónusta að þínum þörfum

FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is



HAFÐU ÖRYGGIÐ Í FYRIRRÚMI
Gott úrval af vottuðum hífi- og festingabúnaði



Ísfell er fullgildur meðlimur að Lifting Equipment Engineers Association sem eru leiðandi samtök hvað varðar vottun fyrirtækja sem nota og framleiða hífibúnað.

isfell.is
Sími 520 0500

PEKKING • ÞJÓNUSTA • GÆÐI

S. BOGASON

Veðurstöðvar með eða án wifi

Fjarlægð á milli skjá og vindhana er allt að 15 metrar

Upplýsingar frá veðurstöð:

- Vindátt, vindstyrkur, vindhviður
- Kæling, hiti, raki og loftþrýsting
- sólarupprás, sólsetur, sólbruni



www.sbogason.is / pantanir@sbogason.is

S: 854-8819 / Stóriteigur 10 - 270 Mosfellsbær

Bændablaðið kemur næst
23. mars